

## **Fundargerð Foreldrafélags Urriðaholtsskóla**

Fundur haldinn þriðjudaginn 10. nóvember 2020 kl.20 í gegnum Google Meet.

Alls mættu 34 á fundinn.

Þorgerður Anna Arnardóttir sá um fundarstjórn.

Íris Ósk Ólafsdóttir tók að sér að vera fundarritari.

Vigdís Lea Birgisdóttir flutti skýrslu stjórnar, þar sem hún sagði frá starfi Foreldrafélagsins á síðastliðnu skólaári.

Ellen María Sveinbjörnsdóttir fór yfir ársreikning foreldrafélagsins. Sendir hafa verið út greiðsluseðlar fyrir foreldrafélagsgjaldi í heimabanka foreldra. Foreldrafélagsgjaldið er 2.200 kr. Foreldrar hvattir til að fylgjast með því hvort að greiðsluseðilinn hafi hugsanlega fallið undir faldar greiðslur í heimabanka.

Óskað var eftir meðlimum í Foreldrafélagið, Skólaráð, Grunnstoð og auk þess var óskað eftir heimasvæðafulltrúum.

### Foreldrafélag Urriðaholtsskóla skólaárið 2020-2021:

Kristrún Jóhannsdóttir, móðir barns á leikskólastigi  
Íris Ósk Ólafsdóttir, móðir systkina í 4. og 1. bekk.  
Rakel Sigurjónsdóttir, móðir drengs í 5. bekk  
Margrét Írena Ágústsdóttir, móðir stúlku í 1. bekk og stúlku á leikskólastigi  
Guðrún Ólafsdóttir, móðir drengs á leikskólastigi  
Oddný Jónsdóttir, móðir stúlku í 3. bekk og stúlku í 2. bekk.

### Skólaráð Urriðaholtsskóla skólaárið 2020-2021:

Jón Söring, faðir drengs í 3. bekk og stúlku á leikskólastigi  
Agnes Þóra Árnadóttir, móðir stúlkna á leikskólastigi  
Hrafn Guðbrandsson, faðir drengs í 5. bekk  
Svava Marín Óskarsdóttir, móðir drengs í 3. bekk og stúlku á leikskólastigi

### Meðlimir í Grunnstoð fyrir hönd Urriðaholtsskóla skólaárið 2020-2021:

Helgi Magnússon, faðir drengs á leikskólastigi  
Einir Guðlaugsson, faðir stúlku á leikskólastigi

Heimasvæðafulltrúar skólaárið 2020-2021:

1.-2. Bekkur:

Guðrún Ásta Ólafsdóttir, móðir stúlku í 2. bekk  
Ellen María Sveinbjörnsdóttir, móðir stúlku í 2. bekk

3-4. Bekkur:

Svava Marín Óskarsdóttir, móðir drengs í 3. bekk  
Jón Söring, faðir drengs í 3. bekk

5.-6. Bekkur:

Rakel Sigurjónsdóttir, móðir drengs í 5. bekk  
Sara Jóhannesdóttir, móðir stúlku í 5. bekk

Rætt var um hugmyndir að því hvað Foreldrafélagið getur boðið börnunum í Urriðaholtsskóla á þessu skólaári. Foreldrafélaginu eru takmarkanir settar vegna Covid en ýmislegt má þó gera. Rætt um að fá leiksýningar inn í skólann, fá rithöfunda til að koma og lesa úr bókum og fleira því líkt. Foreldrafélagið sér einnig um fræðslu fyrir foreldra og rætt um að slíkt fræðsla gæti átt sér stað í fjarfundarbúnaði. Óskað var eftir hugmyndum frá foreldrum um hluti sem hægt er að gera fyrir börnin eða áhugaverða fræðslu fyrir foreldra. Foreldrar hvattir til að senda póst á netfang foreldrafélagsins: [foreldrarfelagurridaholtsskola@gmail.com](mailto:foreldrarfelagurridaholtsskola@gmail.com)

Önnur mál voru rædd:

Þorgerður Anna sagði frá lífinu í skólanum þessa dagana.

Foreldrar voru hvattir til að varpa fram spurningum:

- Spurt var hvort vitað sé hvenær verði haldið áfram að byggja við skólann. Þorgerður Anna svaraði spurningunni og greindi frá því að hafa fengið þær upplýsingar að næsti áfangi ætti að vera komin í notkun árið 2023. Ekki á hreinu hvort að í þeim áfanga verði íþrótt- og sunnaðstaða.
- Spurt var hvort eitthvað sé að fréttu af rokvörnum fyrir leikskólasvæðið? Einir, sem var í Grunnstoð síðasta skólaár svaraði. Hann sagði þetta eitt helsta málið sem hann hafi rætt á fundum Grunnstoðar. Ekki liggja þó fyrir nein plön varðandi rokvarnir og mælir Einir með áframhaldandi pressu varðandi þetta efni. Þorgerður Anna ræddi um að byggðin sem er að rísa við skólann muni veita skjól og þegar trjágróður verður meiri í hverfinu skapist betra skjól. Hún sagði þó þekkt að austanáttin sem kemur frá Bláfjöllum sé öflug og það þurfi meira en fyrirhugaða byggð í kringum skólann til að veita almennilegt skjól.

- Spurt var hvort einhver plön séu um frístundastarf fyrir miðstigið? Þorgerður Anna svaraði spurningunni og greindi frá því að ekkert skipulagt starf væri fyrir miðstig í grunnskólum í Garðabæ almennt. Hún ræddi um að gott gæti verið að fá Klifið í samstarf og sem dæmi væri hægt að bjóða opið hús eitt kvöld/eftirmiðdag í viku. Þorgerður Anna hvetur foreldra barna á þessu skólastigi til að taka sig saman og koma með tillögur til að bæta félagsstarf fyrir börn á miðsstigi í Urriðaholti.